

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri
Dags. 19. nóvember 2021
Mnr. 2020040005



ÍSAFJARÐARBÆR

Hjúkrunarheimilið Eyri

Fyrsti verkkaupafundur vegna fyrirhugaðrar viðbyggingar við hjúkrunarheimilið Eyri var haldinn þann 17. nóvember s.l. Á fundinum var farið yfir stöðu málsins og lokaútgáfu frumathugunar verkefnisins. Í núverandi byggingu sem hýsir starfsemi hjúkrunarheimilisins eru 30 hjúkrunarrými en í áformaðri viðbyggingu er gert ráð fyrir 10 rýmum til viðbótar.

Verkið verður fjármagnað 85% af ríkinu og 15% af sveitarfélagi. Áætluð verklok eru í árslok 2023 og mun framlag Ísafjarðarbæjar falla til m.v. þessa áætlun í árslok 2023 og/eða í ársbyrjun 2024.

Ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um staðsetningu viðbyggingarinnar en tveir möguleikar eru til skoðunar og mun það koma í ljós í hönnunarferlinu hvor staðsetningin er fýsilegri.

Næsta skref í málinu er undirritun frumathugunar og í framhaldinu mun Framkvæmdasýsla ríkisins semja við hönnuði um að hanna bygginguna og verkið síðan boðið út. Undirritaður óskar heimildar að undirrita frumathugun f.h. Ísafjarðarbæjar.

Birgir Gunnarsson bæjarstjóri